

Konungleg auglýsing

Nr. 22.
10. júní.

um

að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum Sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer 6. þ. m. samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, höfðum falið á hendur í fjærvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign, krónprinsi Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gefið á Sorgenfrihöll, 10. júní 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Z a h l e.